



Mikill vöxtur í flestum atvinnugreinum

Velta samkvæmt VSK-skýrslum jókst um 19% milli ára að raunvirði í september og október í fyrra og er þetta fjórða uppgjörstímabilið í röð sem vöxtur mælist. Það er ljóst að hagkerfið er óðum að ná vopnum sínum og margar atvinnugreinar að rétta úr kútnum. Þróunin er þó misjöfn eftir greinum.

Velta í virðisaukaskattsskyldri atvinnustarfsemi¹ hér á landi nam alls 936 mö.kr. í september og október í fyrra samkvæmt nýlega birtum gögnum Hagstofu Íslands og jókst um 19% milli ára miðað við fast verðlag. Þetta er fjórða uppgjörstímabilið í röð sem vöxtur milli ára mælist eftir samfelld samdráttarskeið allt frá miðju ári 2019. Nokkuð snarpur viðsnúningur virðist því hafa átt sér stað upp úr miðju síðasta ári þar sem kröftugur vöxtur tók við af samdrættinum sem rekja mátti til minni eftirspurnar vegna faraldursins.


Atvinnugreinar rétta margar hverjar úr kútnum

Séu fyrstu 10 mánuðir ársins 2021 bornir saman við sama tímabil árið 2020 mælist 13% raunvöxtur milli ára í allri virðisaukaskattsskyldri veltu. Sé aftur á móti miðað við árið 2019, fyrir faraldur, mælist veltan nokkuð svipuð að raunvirði, eða 0,3% minni. Við sjáum því vísbendingar um að atvinnuvegir séu heilt yfir að rétta nokkuð vel úr kútnum og komast á sama stað og var fyrir faraldur, þó þróunin sé mjög ólík eftir einstaka atvinnugreinum. Mestu munar hjá fyrirtækjum sem starfa í ferðaþjónustu. Þar mælist samdráttur mælist 63% milli ára sé miðað við fyrstu 10 mánuði ársins 2019 en 74% vöxtur milli árána 2020 og 2021.

Smásala hefur siglt vel í gegnum faraldurinn


Veltuaukningin mælist einna mest í smásölu² og má segja að smásöluverslanir hafi komist nokkuð vel í gegnum faraldurinn, enda tók þjónusta margra þeirra mið af breyttum aðstæðum til að mynda með aukinni heimsendingarþjónustu. Velta smásöluverslana jókst um 8% að raunvirði á fyrstu

Velta skv. VSK-skýrslum



Virðisaukaskattsskyld velta allra atvinnugreina að frádreginni lyfjaframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Velta eftir atvinnugreinum



Velta raunvirt með viðeigandi undirlið VNV. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

¹ Öll velta að frádreginni lyfjaframleiðslu.

² Að vélknúnum ökutækjum undanskildum.



10 mánuðum ársins 2021 miðað við sama tíma árið 2020 og um 13% sé miðað við sama tíma árið 2019.

Fataverslun virðist hafa blómstrað verulega í faraldrinum og jókst velta um 27% milli ára á fyrstu 10 mánuðum ársins 2021 og var 9% meiri en 2019 miðað við fast fataverð. Greina má talsverðar sveiflur í fataverslun í takt við þær samkomutakmarkanir sem hafa ríkt. Í mars og apríl árið 2020, þegar fyrsta bylgja faraldursins reið yfir, mældist samdráttur upp á 45% milli ára. Ári síðar mældist svo 80% aukning milli ára. Færri ferðalög Íslendinga til útlanda hafa eflaust stutt við fataverslun innanlands.


Velta í stórmörkuðum og dagvöruverslunum hefur, ólíkt veltu í fataverslunum, aukist nær stöðugt frá upphafi árs 2020. Rekja má þá þróun til aukins tíma fólks heima og þar með kaupa á ýmsum vörum til daglegrar neyslu heimavið.

Ferðapjónustan orðið verst úti


Líkt og fyrr segir er þróunin misjöfn eftir atvinnugreinum og ferðapjónustan hefur óneitanlega orðið einna mest fyrir barðinu á faraldrinum. Velta eftir uppgjörstímabilum sýnir að rekstur gististaða dróst saman um nærri 80% milli ára þegar mest lét og velta ferðaskrifstofa um allt að 94% að raunvirði. Mikill viðsnúningur hefur orðið á þessari þróun og nýjustu gögn sýna ríflega áttföldun á veltu ferðaskrifstofa milli ára og þreföldun á veltu gististaða. Enn mælist veltan þó undir því sem sást á þessum árstíma árið 2019 hjá gististöðum og öðrum ferðapjónustufyrirtækjum.

Veitingageirinn og menningarstarfsemi drógust ekki jafn mikið saman og þær þjónustugreinar sem eru beintengdari ferðapjónustu. Mestur var samdrátturinn 47% milli ára á veitingastöðum þegar faraldurinn brast fyrst á og svipaða sögu má segja um menningarstarfsemi sem dróst mest saman um 45% milli ára um mitt árið 2020. Nýjustu gögn sýna aukningu upp á 80% milli ára í veitingasölu og þjónustu og 120% í menningarstarfsemi miðað við fast verðlag. Báðar þessar greinar eru farnar að velta meiru að raunvirði en á sama tíma árið 2019. Má rekja þá þróun til aukinnar neyslu Íslendinga á ýmissi þjónustu innanlands þegar samkomutakmarkanir leyfðu, en einnig aukinnar komu erlendra ferðamanna á ný.


Velta smásöluverslana



Velta í ferðapjónustu



Velta í menningar- og veitingaþjónustu





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.